

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar og samkvæmt heimild í 65. grein umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið að bifreiðastöður skuli bannaðar á Digranesvegi norðanverðum á svæðinu milli Skólatraðar og brautar þeirrar, sem liggur frá Digranesvegi að Kópavogsskóla.

Ákvæði auglýsingar þessarar öðlast þegar gildi.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 25. apríl 1975.

Sigurgeir Jónsson.

Nr. 171.

28. febrúar 1975.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá II, frá 1. febrúar 1975.

Frá og með 1. mars 1975 tekur gildi breyting á Lyfjaverðskrá II frá 1. febrúar 1975. Samkvæmt því hækkar útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránni um 15½%. Heildsöluálagning verður 14% og smásöluálagning 59% frá sama tíma. Vinnugjöld verða óbreytt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 172.

17. apríl 1975.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Allur akstur er bannaður í Austurstræti á milli Lækjargötu og Pósthússtrætis. Akstur með vörur að verslunum þar, verður þó leyfður á virkum dögum frá kl. 07.00 til kl. 11.00, á laugardögum þó aðeins frá kl. 07.00 til kl. 09.00. Á sömu tímum verður einnig heimilaður akstur bifreiða með merki fatlaðra. Hámarksöxulþungi bifreiða, sem notaðar eru við vöruflutninga að fyrirtækjum við Austurstræti, göngugötuna, verði 4 tonn.
2. Bannað verður að stöðva og leggja bifreiðum við Bankastræti að norðanverðu frá vesturgafli húss nr. 3 við Bankastræti að Lækjargötu.

Framangreindar reglur taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 17. apríl 1975.

Sigurjón Sigurðsson.